

Febrúar 2023



# Atvinnuréttindi útlendinga

## Tillögur starfshóps

**Forsætisráðuneytið**

Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu – 101 Reykjavík  
545-8400 | for@for.is

Febrúar 2023

©2023 Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-482-38-9

**[stjornarradid.is](http://stjornarradid.is)**

# Efnisyfirlit

<b>Samantekt</b> .....	<b>4</b>
<b>1. Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>2. Markmið</b> .....	<b>8</b>
2.1 Sækjum mannauð og virkjum hann betur.....	8
2.2 Komum á fót gagnsærra og fyrirsjáanlegra fyrirkomulagi um rétt til atvinnuþátttöku .....	9
<b>3. Tillögur starfshóps</b> .....	<b>10</b>
3.1 Rýmkun reglna um dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga .....	10
3.1.1 Tímabundið atvinnuleyfi fylgi starfsmanni, ekki atvinnurekanda .....	10
3.1.2 Lenging dvalarleyfa.....	11
3.1.3 Fjölskyldusameiningar vegna fleiri dvalarleyfa.....	11
3.1.4 Undanþága frá kröfu um tímabundið atvinnuleyfi fyrir maka sérfræðinga .....	12
3.1.5 Sjálfstæðum atvinnurekendum gefið færi á að fá atvinnuleyfi .....	12
3.1.6 Lengri umbóttunartími sérfræðinga til atvinnuleitar í kjölfar atvinnumissis.....	12
3.1.7 Aukin réttindi erlendra háskólanema – atvinnuleit og framfærsluviðmið .....	13
3.1.8 Hraðari afgreiðslutími dvalar- og atvinnuleyfa .....	13
3.2 Fyrirsjáanleiki verði tryggður með spá um mannaflapörf .....	14
3.2.1 Spár um vinnuafþörf.....	14
3.2.2 Eftirlit með félagslegum undirboðum verði eftl.....	16
3.2.3 Hluti dvalarleyfa til atvinnuþátttöku nýttur með vinnuskiptasamningum við önnur ríki .....	16
3.2.4 Hvatar til að skrá sig úr landi.....	17
3.3 Stjórnsýsla verði einfölduð með sameiningu dvalar- og atvinnuleyfa .....	17
3.4 Umsóknarferli um dvalarleyfi verði einfaldað og bætt með stafvæðingu .....	18

# Samantekt

Þörf er á nýrri nálgun fyrir fólk utan EES-svæðisins sem vill flytja hingað til lands, búa hér og starfa. Ísland stendur fremstu löndum umtalsvert að baki í alþjóðlegum samanburði á hæfni landa til að laða að og gera innflytjendum kleift að verða fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Núverandi fyrirkomulag er flókið og byggist á óskilvirkum ferlum, ákvarðanataka innan þess er tilviljanakennd þar sem hún grundvallast á óljósu mati á vinnumarkaði og veitingu atvinnuleyfa eru of þröngar skorður settar.

Íslenskt samfélag á mikið undir að vel takist til með breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Leiðarljósið í breytingum á dvalar- og atvinnuleyfakerfinu á að vera gagnsæi, sanngirni, traust og skilvirkni. Engar vísbendingar eru um annað en að Ísland verði að treysta á aðflutt fólk til að manna fjölmörg störf sem verða til á komandi árum og áratugum til að halda uppi lífsgæðum og velsæld í íslensku samfélagi. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem koma hingað til lands er að leita að bættum lífsgæðum og að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Til þess að ná árangri í þeirri samkeppni sem á sér stað meðal þjóða heims um mannauð þarf að gera íslenskan vinnumarkað, sem er mikilvægur aðgöngumiði í íslenskt samfélag, aðgengilegan þeim sem hingað vilja koma.

Tillögur starfshópsins miða að því að búa til nýtt kerfi fyrir atvinnuleyfi fólks utan EES. Verði tillögurnar samþykktar geta sumar þeirra komið til framkvæmda strax án lagabreytinga en aðrar krefjast lagabreytinga. Efni skýrslunnar er afmarkað við rýmkun atvinnuréttinda fólks frá ríkjum utan EES og atriði sem eru til þess fallin að auka skilvirkni í kerfinu. Utan þeirrar afmörkunar falla því ýmsir þættir sem geta stutt við farsæla inngildinguna útlendinga í íslenskt samfélag. Í skýrslunni er ekki fjallað um dvalar- og atvinnuleyfi umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Til að bregðast við þessum áskorunum er lagt til að:

- **Reglur um dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga verði rýmkaðar**  
Gerðar verði ýmsar breytingar til þess að rýmka reglur um dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga í því skyni að gera Ísland að eftirsóknarverðari og samkeppnishæfari kosti fyrir erlenda starfsmenn og nema, auka fjölbreytileika íslensks samfélags og um leið styrkja efnahagslífið til framtíðar.
- **Fyrirsjáanleiki verði tryggður með spá um mannaflapörf**  
Nýju kerfi verði komið á fót sem taki mið af mannaflapörf. Vinnuálastofnun greini þörf vinnumarkaðar að fenginni ráðgjöf utanaðkomandi sérfræðinga og aðila vinnumarkaðarins sem staðfest verði af félags- og vinnumarkaðsráðherra. Samhliða verði eftirlit með félagslegum undirboðum eftl. Vinnuskiptasamningum við önnur ríki verði fjölgað.
- **Stjórnsýsla verði einfölduð með sameiningu dvalar- og atvinnuleyfa**  
Dvalarleyfi, sem eru gefin út af Útlendingastofnun, og atvinnuleyfi, sem eru gefin út af Vinnuálastofnun, verði sameinuð í dvalarleyfi sem skipt verði í ólíka flokka og gefin út af Útlendingastofnun. Það kerfi sem nú er við lýði stendur á gömlum merg en hefur illa staðist tímans tönn.

- ***Umsóknarferli um dvalarleyfi verði einfaldað og bætt með stafvæðingu***  
Til að gera umsóknarferlið aðgengilegra fyrir umsækjendur sem og að auðvelda úrvinnslu umsókna í nýju kerfi eru lögð til metnaðarfull áform til að hraða stafvæðingu. Með aukinni sjálfvirknivæðingu umsóknarferlisins, sem byggir á stafvæðingu, verður hægt að tryggja styttri málsmeðferðartíma, auðvelda gagnaúrvinnslu og auka yfirsýn yfir gögn um umsækjendur.

# 1. Inngangur

Forsætisráðherra skipaði starfshóp um atvinnuréttindi útlendinga utan EES þann 23. nóvember sl. Hópurinn skipuðu Benedikt Árnason, ráðuneytisstjóri, formaður, Huginn Freyr Þorsteinsson, ráðgjafi, og Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri. Starfsmaður hópsins var Gunnar Narfi Gunnarsson, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu. Auk þess tóku Bergþóra Benediktsdóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, og Teitur Björn Einarsson, aðstoðarmaður ríkisstjórnar, þátt í störfum hópsins. Tilnefndir voru tengiliðir fjögurra ráðuneyta við starfshópinn og fylgdust þau með starfi hópsins, sátu fundi með hagaðilum og komu með hugmyndir og ábendingar. Tengiliðirnir voru Arnar Sigurður Hauksson í dómsmálaráðuneytinu, Berglind Ásgeirsdóttir í háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, Jón Þór Þorvaldsson í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir í menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

Starf hópsins byggðist á stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna<sup>1</sup> en þar segir m.a. að þátttaka fólks af erlendum uppruna auki fjölbreytileika, efli íslenskt samfélag og menningu og sé ein forsenda fyrir vexti efnahagslífsins. Þá er kveðið á um að tryggja verði að innflytjendur sem hér vilja búa og starfa fái tækifæri til aðlögunar og geti nýtt hæfileika sína, þekkingu og reynslu. Ein af aðgerðunum í stjórnarsáttmálanum er að lög um útlendinga verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að rýmka ákvæði er varða útgáfu dvalarleyfa á grundvelli atvinnuþátttöku og auka skilvirkni með einföldun ferla.

Starfshópurinn hafði til hliðsjónar það starf sem unnið hefur verið á þessu sviði í einstökum ráðuneytum og í öðrum starfshópum, auk þess að taka mið af framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2022-2025.<sup>2</sup> Þá var nýlega skipaður stýrihópur um mótun heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks.<sup>3</sup>

Starfshópurinn hélt 35 fundi frá 23. nóvember til 16. febrúar sl. Hópurinn fundaði með eftirtöldum aðilum: félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, BHM, ASÍ, ríkislögreglustjóra, Fjölmenningssetri, Þjóðskrá, Hagstofnunni, Alvotech, hælisteymi Reykjavíkurborgar, KPMG, embætti landlæknis og samstarfsnefnd um atvinnumál útlendinga. Í sumum tilvikum hefur starfshópurinn fundað oftast en einu sinni með framangreindum aðilum. Hópurinn hefur fengið margvíslegar tillögur, ábendingar og tölfraeðigögn frá framangreindum ráðuneytum, stofnunum og samtökum. Þá samdi forsætisráðuneytið, f.h. starfshópsins, við KPMG þann 15.

---

<sup>1</sup> Stjornarradid.is: „[Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs](#)“.

<sup>2</sup> Althingi.is: [Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025](#), 152. löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 1364 – 592. mál.

<sup>3</sup> Stjornarradid.is: „[Stýrihópurinn vinnur að mótun heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks](#)“.

desember sl., eftir örútböð, um gerð skýrslu um möguleika til aukinnar skilvirkni við útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa og var þeirri skýrslu skilað þann 4. febrúar sl.

## 2. Markmið

Ísland stendur frammi fyrir sömu áskorun í innflytjendamálum og önnur OECD-ríki. Fólksfjölgun, og þar með innlent vinnuafl, hefur ekki haldið í við aukinn hagvöxt og efnahagsleg umsvif sem hefur leitt til aukinnar þarfar á að ráða starfsfólk frá öðrum löndum til að sinna fjölgandi störfum. Ljóst er að miklar breytingar eru framundan á aldursamsetningu þjóðarinnar, fjölskyldur halda áfram að eignast færri börn og þjóðin mun áfram treysta á að fólk flytji til landsins til að sinna störfum sem verða til.

Þróunin í þessum efnum hefur verið hröð undanfarin ár og fjöldi erlendra starfsmanna vaxið mikið. Árleg fjölgun landsmanna á vinnualdri er svipuð og fyrir einni öld. Ef litið er um fimm ár aftur í tímann dugði fjölgun landsmanna til að sinna 15% nýrra starfa á meðan íbúafjölgun dugði til að manna um helming þeirra starfa sem urðu til á fyrsta áratug 21. aldarinnar. Þrátt fyrir að skjótt geti skipast veður í lofti, bæði í íslenskum efnahagsmálum og í alþjóðamálum, eru ekki vísbendingar um annað en að aðflutt starfsfólk verði áfram lykilþáttur í að skapa hagvöxt og forsendur fyrir sterku velferðarsamfélagi á komandi árum og áratugum. Ríki heims standa frammi fyrir því að mæta núverandi þörf fyrir erlent vinnuafl. Á sama tíma leiða örur tæknibreytingar og tilkoma gervigreindar til umbyltingar á vinnumarkaði sem gerir ríkjum erfitt að sjá fyrir þá þekkingu sem þörf verður fyrir í framtíðinni.<sup>4</sup>

Við mat á því hvers konar kerfi henti best íslensku samfélagi að teknu tilliti til þeirra áskorana sem við stöndum frammi fyrir leggur starfshópurinn til eftirfarandi tvö markmið:

### 2.1 Sækjum mannauð og virkjum hann betur

Þjóðir heimsins eiga í mikilli samkeppni um að laða til sín hæft starfsfólk í breyttri heimsmynd þar sem fólk á vinnualdri mun fara hlutfallslega fækkandi. Ísland stendur fremstu löndum umtalsvert að baki í alþjóðlegum samanburði á hæfni landa til að laða að og aðlaga innflytjendur að samfélögum.<sup>5</sup> Í gegnum tíðina hefur verið litið á erlenda starfsmenn sem tímabundið vinnuafl og hafa innviðir og mannafl í stjórnsýslunni ekki fylgt eftir þeim miklu breytingum sem orðið hafa í útlendingamálum á undanförunum árum.

Innflytjendur á Íslandi eru nú rúmlega 60 þúsund.<sup>6</sup> Um 10% þeirra hafa fengið alþjóðlega vernd, þar af um helmingur á árinu 2022. Vísbendingar eru um að þessi mannauður nýtist ekki sem skyldi. Talið er að hlutfall innflytjenda með háskólapróf sé um 40%.<sup>7</sup> Ljóst er að fjölmargir eru of menntaðir fyrir þau störf

---

<sup>4</sup> Hér er byggt á grein Hannesar G. Sigurðssonar, [Viðvarandi skortur á vinnuafl til framtíðar](#), 26. janúar 2022, og skýrslu Berglindar Ásgeirsdóttur, Nýr mannauður, um nýja sýn á innflytjendastefnu, júní 2022.

<sup>5</sup> Mipex.eu: [Migrant Integration Policy Index, Main findings](#).

<sup>6</sup> Hagstofa.is: [Innflytjendur 16,3% íbúa landsins](#).

<sup>7</sup> Nýr mannauður, skýrsla Berglindar Ásgeirsdóttur um nýja sýn á innflytjendastefnu, bls. 9.



sem þeir gegna á Íslandi og stendur Ísland illa í alþjóðlegum samanburði um þetta efni. Einnig ber að líta til þess að tæplega 50 þúsund Íslendingar eru með skráð lögheimili erlendis til skemmri eða lengri tíma.<sup>8</sup>

## 2.2 Komum á fót gagnsærra og fyrirsjáanlegra fyrirkomulagi um rétt til atvinnuþátttöku

Ísland er opið fyrir frjálsri för um 500 milljóna manna innan EES og því lýtur lagasetning um útlendingamál fyrst og fremst að þeim sem búa utan EES. Íslensk stjórnvöld eru ekki í stöðu til að stýra flutningum til landsins með sama hætti og t.d. enskumælandi ríki í Norður-Ameríku og Eyjaálfu. Íslenska hagkerfið er einnig lítið og byggist að miklu leyti á sveiflukennndum náttúruauðlindum og getur því verið viðkvæmt fyrir miklum sveiflum í eftirspurn eftir búferlaflutningum til landsins. Þrengi að vinnumarkaði með tilheyrandi atvinnuleysi getur fólk af erlendum uppruna staðið veikum fótum sem skapað getur aukið álag á innviði. Af þessum sökum er mikilvægt að hanna kerfi fyrir dvalarleyfi fólks utan EES þannig að það taki mið af aðstæðum á vinnumarkaði á hverjum tíma. Þá er mikilvægt að í nýju kerfi sé staða aðflutts starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði styrkt.

---

<sup>8</sup> Skra.is: [Íslendingar búsettir erlendis 2022, 25. janúar 2023.](#)

## 3. Tillögur starfshóps

Tillögur starfshópsins eru eftirfarandi:

- Reglur um dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga verði rýmkaðar
- Fyrirsjáanleiki verði tryggður með spá um mannaflapörf
- Stjórnarsýsla verði einfölduð með sameiningu dvalar- og atvinnuleyfa
- Umsóknarferli um dvalarleyfi verði einfaldað og bætt með stafvæðingu

Hér á eftir verður fjallað nánar um hverja tillögu fyrir sig.

### 3.1 Rýmkun reglna um dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga

Í þessum hluta verður fjallað um leiðir til þess að rýmka reglur um dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga í því skyni að gera Ísland að eftirsóknarverðari og samkeppnishæfari kosti fyrir erlenda starfsmenn og nema, auka fjölbreytileika íslensks samfélags og um leið styrkja íslenskt efnahagslíf til framtíðar. Til einföldunar og þægindaauka miðast umfjöllunin við breytingar sem hægt væri að gera á núverandi fyrirkomulagi dvalar- og atvinnuleyfa, þ.e. að tvær stofnanir gefi út tvö mismunandi leyfi. Komi á hinn bóginn til þess að núverandi fyrirkomulagi um útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa verði breytt með þeim hætti að Útlendingastofnun gefi út dvalarleyfi sem feli í sér atvinnuþátttöku nema hún sé undanskilin, sbr. kafla 3.3, ætti að vera tiltölulega auðvelt að heimfæra neðangreindar breytingartillögur upp á nýtt fyrirkomulag.

#### 3.1.1 Tímabundið atvinnuleyfi fylgi starfsmanni, ekki atvinnurekanda

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, er atvinnuleyfi gefið út á nafn útlending og er útlendingurinn handhafi leyfisins. Tímabundið atvinnuleyfi er þó almennt skilyrt við starf hjá tilteknum atvinnurekanda og er útlendingi óheimilt að hefja störf hjá öðrum atvinnurekanda áður en nýtt leyfi hefur verið gefið út. Að mati starfshópsins getur slíkt fyrirkomulag skapað valdaójafnvægi á milli starfsmanns og atvinnurekanda og sett starfsmann í veika stöðu. Starfsmaður gæti jafnvel talið sig þurfa að sætta sig við brot á kjara- eða ráðningarsamningi, eða eiga að öðrum kosti á hættu að missa starfið ef hann leitar réttar síns. Viðkomandi gæti jafnvel óttast það að vera vísað úr landi ef hann missir starfið. Við starfslok þyrfti starfsmaðurinn að sækja um nýtt atvinnuleyfi með tilheyrandi fyrirhöfn og óvissu, en útlendingar í slíkri stöðu eiga t.a.m. ekki rétt til atvinnuleysisbóta. Með hliðsjón af þessu er því lagt til að tímabundið atvinnuleyfi verði bundið við störf í tiltekinni atvinnugrein en ekki við tiltekið starf. Skilyrði fyrir slíku leyfi yrðu þau hin sömu og nú eru við útgáfu tímabundins atvinnuleyfis. Þannig yrði ekki um leyfi til atvinnuleitar að ræða, heldur þyrfti að leggja fram ráðningarsamning með umsókn um atvinnuleyfi og vinnuveitandi bæri sömu skyldur og ella, hvað varðar sjúkratryggingu starfsmanns og kostnað við heimför ef um er að ræða ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á eða ef útlendingur verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa. Útlendingi, sem hygðist skipta um starf innan starfsgreinar, bæri að tilkynna það til Útlendingastofnunar og sýna fram á getu til framfærslu meðan á atvinnuleit stæði. Sækja þyrfti um leyfi á ný ef nýtt

starf væri utan þeirrar starfsgreinar sem upphaflegt leyfi tilgreindi. Nýr vinnuveitandi tæki á sig sömu skyldur og fyrri hvað varðar sjúkratryggingu og heimför. Hafi leyfishafi ekki fundið nýtt starf innan þriggja mánaða gæti Útlendingastofnun afturkallað atvinnuleyfi hans.

### 3.1.2 Lenging dvalarleyfa

Heimilt er að veita dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar skv. 61. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016 (útl.), vegna skorts á starfsfólki skv. 62. gr., fyrir íþróttafólk skv. 63. gr. og loks fyrir sérhæfða starfsmenn á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamnings skv. 64. gr. Dvalarleyfi vegna sérfræðiþekkingar er heimilt að veita til allt að tveggja ára og heimilt að endurnýja í allt að tvö ár í senn. Starfshópurinn telur rétt að lengja gildistíma sérfræðileyfis úr tveimur í fjögur ár. Umsækjandi þurfi þá einungis að sækja einu sinni um leyfið sem gildi í fjögur ár en eftir það ætti viðkomandi möguleika á að sækja um ótímabundið dvalarleyfi. Samkvæmt upplýsingum starfshópsins er endurnýjun sérfræðileyfa nánast alltaf veitt og yrði því hér m.a. um að ræða tíma- og vinnusparnað hjá bæði Útlendingastofnun og umsækjanda. Við umsókn um ótímabundið dvalarleyfi yrði aftur á móti kannað hvort umsækjandi uppfyllti áfram skilyrði dvalarleyfis ásamt öðrum skilyrðum ótímabundins dvalarleyfis. Þá telur starfshópurinn einnig rétt með vísan til framangreindra sjónarmiða að framlengja dvalarleyfi fyrir íþróttafólk úr einu ári í tvö ár. Þyrfti þá aðeins að sækja um endurnýjun dvalarleyfis einu sinni en eftir þann tíma hefði myndast réttur til þess að sækja um ótímabundið leyfi. Loks er lagt til að dvalarleyfi fyrir sérhæfða starfsmenn verði lengt úr sex mánuðum í eitt ár.

### 3.1.3 Fjölskyldusameiningar vegna fleiri dvalarleyfa

Heimilt er skv. 69. gr. útl. að gefa út dvalarleyfi til nánasta aðstandanda útlendinga sem dvelst hér á landi á grundvelli dvalarleyfis vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar skv. 61. gr., dvalarleyfis fyrir íþróttafólk skv. 63. gr., dvalarleyfis á grundvelli hjúskapar eða sambúðar skv. 70. gr., dvalarleyfis á grundvelli alþjóðlegrar verndar skv. 73. gr., dvalarleyfis á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr. dvalarleyfis vegna sérstakra tengsla skv. 78. gr. útl. eða ótímabundins dvalarleyfis skv. 58. gr. útl. Dvalarleyfi til nánustu aðstandanda útlendinga sem dvelja hér á annars konar leyfum mynda því ekki rétt til fjölskyldusameiningar eftir því sem næst verður komist, t.d. dvalarleyfi vegna skorts á starfsfólki eða dvalarleyfi vegna náms. Í samtölum starfshópsins við hagaðila hefur verið á það bent að þetta sé galli á lögunum og að engin sérstök rök standi til þess. Meginatriðið ætti fremur að vera hvort dvalarleyfishafinn geti framfleytt sér og fjölskyldu sinni. Ef það skilyrði er uppfyllt ætti ekkert að standa því í vegi að veita t.d. maka og börnum viðkomandi einnig dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar. Þá kom það fram hjá hagaðilum að hér komi einnig til skoðunar jafnréttis- og kynjasjónarmið en segja má að núverandi fyrirkomulag bitni frekar á konum en körlum þar sem ætla má að mun sjaldgæfara sé að mæður en feður skilji börn eftir í umsjá maka í heimaríki á meðan þær sækja sér framhaldsnám.

### 3.1.4 Undanþága frá kröfu um tímabundið atvinnuleyfi fyrir maka sérfræðinga

Samkvæmt 12. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga er heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi, m.a. vegna starfa nánustu aðstandenda útlendinga sem hefur tímabundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar skv. 8. gr. laganna. Í samtölum starfshópsins við hagaðila kom fram sú tillaga að maki sérfræðings hefði sjálfkrafa rétt til atvinnuþátttöku og yrði undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi. Myndi slíkt fyrirkomulag t.a.m. minnka álag við afgreiðslu umsókna og gera það meira aðlaðandi fyrir erlenda sérfræðinga að koma hingað til lands. Starfshópurinn tekur undir þessi sjónarmið og leggur til að erlendir makar útlendinga sem njóta atvinnuleyfis vegna sérfræðipækkingar verði undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi og verði bætt við 1. mgr. 22. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

### 3.1.5 Sjálfstæðum atvinnurekendum gefið færi á að fá atvinnuleyfi

Samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 50. gr. útl. er útlendingi óheimilt að starfa hér á landi sem sjálfstætt starfandi einstaklingur nema viðkomandi sé undanþeginn kröfu um atvinnuleyfi. Sömu reglu er að finna í 3. mgr. 6. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga. Í núverandi kerfi er því ekki að finna heimild til að veita sjálfstætt starfandi atvinnurekendum atvinnuleyfi, líkt og tíðkast í nágrannalöndum Íslands. Hópurinn leggur til að slík heimild verði lögfest hér á landi. Slíkt leyfi gæti náð til listamanna með eigin rekstur, verktaka með sérfræðipækkingu sem sýnt gætu fram á örugg viðskiptasambönd, líkt og t.d. eru fordæmi fyrir frá Þýskalandi og loks má líta til Danmerkur þar sem leyfi til sjálfstæðs atvinnurekstrar miðar að skalanlegri nýsköpunarstarfsemi með skýra vaxtarmöguleika. Þar er slíkt leyfi veitt til allt að tveggja ára með möguleika á þriggja ára framlengingu, á grundvelli viðskiptaáætlunar sem metin er af sérfræðingaráði dönsku atvinnuvegastofnunarinnar (Erhvervsstyrelsen). Það þýðir að starfsemi líkt og veitingarekstur, verslanir og lítil inn- eða útflutningsfyrirtæki fellur utan þess sviðs sem slíku sprotaleyfi er ætlað að ná til. Umsækjandi þyrfti í öllum tilvikum að sýna fram á getu til framfærslu og í tilfelli sprotafyrirtækja að hann gegni virku og nauðsynlegu hlutverki við rekstur fyrirtækisins, en sé til dæmis ekki einungis hluthafi.

### 3.1.6 Lengri umbóttunartími sérfræðinga til atvinnuleitar í kjölfar atvinnumissis

Heimilt er skv. 3. mgr. 61. gr. útl. að endurnýja leyfi útlendinga, sem hefur fengið útgefið dvalarleyfi samkvæmt ákvæðinu og misst starf sitt, í allt að þrjá mánuði frá því að hann missti starfið eða uppsagnarfrestur er liðinn til þess að hann geti leitað sér annars starfs á grundvelli sérþekkingar sinnar. Þarf þá skilyrði b-liðar 1. mgr. ekki að vera uppfyllt, þ.e. að tímabundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar hafi verið veitt á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga. Mikilvægt er að halda í þekkingu og reynslu þeirra erlendu sérfræðinga sem hingað koma og telur starfshópurinn að breytingar á reglum sem miða að því markmiði geri Ísland að ákjósanlegri áfangastað. Hér má einnig nefna að margir sérfræðingar flytjast búferlum með fjölskyldur sínar hingað til lands og myndi lengri umbóttunartími til starfsleitar við þessar aðstæður bæta öryggi þeirra. Er því lagt til að umbóttunartími þeirra sérfræðinga sem missa starf sitt verði lengdur í sex til tólf mánuði til þess að leita sér að öðru starfi á

grundvelli sérþekkingar sinnar, að því gefnu að sérfræðingur geti sýnt fram á fullnægjandi framfærslu á meðan á atvinnuleit stendur.

### 3.1.7 Aukin réttindi erlendra háskólanema – atvinnuleit og framfærsluviðmið

Samkvæmt 8. mgr. 65. gr. útl. er heimilt að endurnýja dvalarleyfi útlendinga sem lokið hefur háskólanámi hér á landi í allt að sex mánuði frá útskriftardegi til þess að leita að atvinnu á grundvelli sérfræðipekkingar hans. Mikilvægt er að lengja þennan tíma í því skyni að laða fleiri námsmenn hingað til lands og gera um leið íslenska háskóla eftirsóknarverðari og samkeppnishæfari kost á alþjóðavísu, en ekki síður til þess að við missum ekki úr landi vel menntað fólk, framtíðarsérfræðinga á hinum ýmsu sviðum, sem ríkið hefur kostað fjármunum til að mennta. Leggur starfshópurinn til að heimilt verði að lengja þennan tíma úr sex mánuðum í þrjú ár.

Í 56. gr. útl. er kveðið á um að útlendingur sem er eldri en 18 ára og sækir um dvalarleyfi skuli sýna fram á að framfærsla hans sé trygg þann tíma sem hann sækir um að fá að dveljast hér á landi. Þýðir þetta að verði dvalarleyfi gefið út til eins árs þurfi að sýna fram á trygga framfærslu fyrir eitt ár. Útlendingastofnun hefur miðað framfærslu við grunnviðmið fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar, sbr. reglur um fjárhagsaðstoð, en reglugerð um efnið hefur ekki verið sett af dómsmálaráðherra. Lágmarksviðmið fyrir einstaklinga er 212.694 kr., fyrir hjón 340.320 kr. og 106.346 kr. til viðbótar vegna fjölskyldumeðlims 18 ára og eldri. Upphæðir miðast við tekjur fyrir skatt. Í framkvæmd hefur viðmið um framfærsluskyldu erlendra háskólanema reynst afar strangt en erfiðleikum getur verið bundið fyrir þá að sýna fram á slíka framfærslu þann tíma sem þeir dvelja hér við nám. Til samanburðar má nefna að framfærsluviðmið útlendinga sem stunda nám í Kanada er tíu þúsund kanadískir dollarar (rífllega ein milljón íslenskra króna) sem er talsvert lægra en hérlendis.<sup>9</sup> Telur starfshópurinn mikilvægt að skoðað verði hvort ástæða sé til þess að lækka viðmið um framfærsluskyldu svo unnt sé að laða fleiri erlenda háskólanema til landsins.

### 3.1.8 Hraðari afgreiðslutími dvalar- og atvinnuleyfa

Samkvæmt 4. mgr. 23. gr. útl. skal umsóknum sem lagðar eru fram á grundvelli alþjóðlegrar verndar skv. 36., 37. og 39. gr. svarað innan tiltekinna tímafresta. Sambærilegar reglur um tímafresti eru ekki varðandi afgreiðslu annarra dvalarleyfa skv. lögnum. Í 32. gr. laga um atvinnuréttindi eru ákvæði um málshraða en þar kemur fram að Vinnumálastofnun skuli taka ákvörðun um hvort orðið verði við umsókn um atvinnuleyfi svo fljótt sem verða megi og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsókn berst stofnuninni. Í 53. gr. útl. eru á hinn bóginn ákvæði um forgangs- og flýtimeðferð umsókna um dvalarleyfi. Samkvæmt 1. mgr. er Útlendingastofnun heimilt að forgangsraða afgreiðslu umsókna um

---

<sup>9</sup> Canada.ca: [Study permit: Get the right documents.](#)

dvalarleyfi og skv. 2. mgr. er stofnuninni heimilt að taka umsóknir um dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku til flýtimeðferðar gegn sérstöku þjónustugjaldi.<sup>10</sup>

Í samtölum starfshópsins við hagaðila kom fram að mikill meirihluti þeirra sem sækja um dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku hér á landi greiðir gjald vegna flýtimeðferðar sem hefur leitt til þess að nánast allar slíkar umsóknir eru í því ferli. Að mati starfshópsins er mikilvægt að búið verði svo um hnúta að umsóknir sem teknar eru til flýtimeðferðar gegn sérstöku gjaldi verði raunverulega afgreiddar sem slíkar. Þá telur starfshópurinn mikilvægt að umsóknir um dvalarleyfi án flýtimeðferðar verði einnig afgreiddar eins skjótt og hægt er, en í samtölum starfshópsins við hagaðila kom fram að úrvinnslutími umsókna sem eru ekki til flýtimeðferðar geti verið nokkrir mánuðir hjá Útlendingastofnun.<sup>11</sup> Uppfylli umsækjandi skilyrði fyrir dvalarleyfi er umsókn viðkomandi send Vinnuárástafnun til afgreiðslu.

Einfalt, skjótt og skilvirkt umsóknarferli dvalar- og atvinnuleyfa er að mati starfshópsins lykilforsenda þess að Ísland geti talist eftirsóknarverður og samkeppnishæfur kostur fyrir erlent vinnuafl í alþjóðlegum samanburði. Í því sambandi er þó afar mikilvægt að tryggja málaflöknum nægilegt fjármagn svo unnt sé að afgreiða umsóknir á eins skjóttan hátt og kostur er. Viðmiðið gæti til dæmis verið að allar umsóknir, þar sem fullnægjandi gögnum er skilað strax í upphafi, séu afgreiddar innan mánaðar.

## 3.2 Fyrirsjáanleiki verði tryggður með spá um mannaflapörf

Starfshópurinn leggur til að nýju kerfi verði komið á fót sem verði byggt á einfölduðu ferli dvalarleyfis með útvíkkuðum reglum og taki mið af vinnuafslþörf sem Vinnuárástafnun vinnur að fenginni ráðgjöf utanaðkomandi sérfræðinga og aðila vinnumarkaðarins og staðfest verði af félags- og vinnumarkaðsráðherra.

### 3.2.1 Spár um vinnuafslþörf

Á Íslandi hefur skort upp á að með kerfisbundnum hætti sé lagt mat á menntunar-, færni- og mannaflapörf en slíkar greiningar eru mikilvægar þegar kemur að stefnumótun á sviði mjög margra málaflokka. Hraðri tækniþróun fjórðu iðnbyltingarinnar fylgir uppbrot á vinnumarkaði sem þýðir að störf hverfa eða breytast og færniþörf á vinnumarkaði tekur miklum breytingum. Þá hefur hækkandi aldur þjóðarinnar áhrif á fjölda starfandi á vinnumarkaði sem vekur upp spurningar um hversu margir verða starfandi á vinnumarkaði eftir því sem fjölgar í hópi þeirra sem standa utan hans. Nýverið gerðu Samtök iðnaðarins

---

<sup>10</sup> Almenn afgreiðslugjald vegna dvalarleyfis er 16 þúsund krónur og gjald vegna flýtimeðferðar dvalarleyfis á grundvelli atvinnuþátttöku 48 þúsund krónur, sbr. lög um breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, sem tóku gildi um áramótin.

<sup>11</sup> Þess ber að geta að samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun kemur langur afgreiðslutími umsókna alla jafna til söku þess að umsækjandi hefur ekki skilað inn öllum tilskildum gögnum og getur stofnunin því ekki afgreitt umsókn viðkomandi fyrr en því er lokið. Þegar öllum gögnum hefur verið skilað til Útlendingastofnunar kveðst stofnunin geta afgreitt umsóknir innan nokkurra vikna.

könnun meðal félagsmanna um þörf fyrir sérfræðinga í hugverkaiðnaði og var niðurstaðan sú að þörfin væri níu þúsund sérfræðingar á næstu fimm árum einungis fyrir þennan geira.<sup>12</sup> Vert er þó að geta þess sem alþekkt er en oft gleymist, að skjótt skipast veður í lofti á íslenskum vinnumarkaði.

Þegar stefnumótun á sviði útlendingamála er skoðuð er ljóst að greiningar á vinnumarkaði skipta þar verulegu máli. Í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hefur mati á þörf fyrir erlent vinnuafl verið háttað þannig til þessa að verkalyðsfélög veita umsögn um atvinnuleyfi sem byggist m.a. á mati félagsins á þörf fyrir fólk í viðkomandi atvinnugrein. Ástæða er til að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að heildstæð greining á vinnumarkaði styðji við mat á þörf fyrir vinnuafl á Íslandi. Með kerfisbundnum greiningum á vinnumarkaði sem birtar eru opinberlega og byggjast á spálíkani og samráði sérfræðinga sé tryggt gagnsæi þegar kemur að mati á þörfum íslensks vinnumarkaðar.

Í þessu skyni leggur starfshópurinn til að fylgt verði eftir tillögum úr skýrslu um mat á færniþörf á vinnumarkaði frá 2018<sup>13</sup> sem og þeim tillögum sérfræðinefndar um fjórðu iðnbyltinguna<sup>14</sup> að Hagstofu Íslands verði falið að gera lengri tíma spár um vinnumarkaðinn og að Vinnuálastofnun verði falið að gera spár til skemmri tíma. Með þessu fyrirkomulagi væri hægt að leggja mat á þörf fyrir vinnuafl, hvers konar færni vantar til að auka verðmætasköpun og einnig samsetningu vinnuafls út frá menntun. Að auki verður til ákveðinn fyrirsjáanleiki sem ekki er til staðar í dag um hvar líklegt er að skortur sé á vinnuafl á íslenskum vinnumarkaði.

Í samtölum starfshópsins við Hagstofuna og Vinnuálastofnun kom fram að talsverð vinna hafi þegar átt sér stað við að útbúa færnisþá en að til þess að hún sé gerð með reglulegum hætti þurfi að leggja stofnununum til fjármagn og ráða sérfræðinga sem haldi utan um verkefnið. Þá þyrfti að eiga sér stað samráð þessara stofnana við aðra utanaðkomandi sérfræðinga á þessu sviði, t.a.m. frá aðilum vinnumarkaðarins.

Lagt er til að lögfest verði gerð skammtímaspár á t.d. sex mánaða fresti sem yrði birt opinberlega. Félags- og vinnumarkaðsráðherra gæfi svo út reglugerð sem byggðist á spánni um fjölda atvinnuleyfa sem gefin yrðu út til ríkisborgara utan EES á ákveðnu tímabili og til hvaða atvinnugreina. Tíð endurskoðun á að tryggja að kerfið sé sveigjanlegt og taki mið af þörfum atvinnulífsins. Við ákvörðun um fjölda atvinnuleyfa til ríkisborgara utan EES yrði dreginn frá sá fjöldi EES-ríkisborgara sem áætlað er að flytjist til landsins til atvinnuþátttöku, enda forgangur EES-ríkisborgara hornsteinninn í hinu íslenska kerfi.<sup>15</sup> Í kerfinu yrði ekki

<sup>12</sup> Si.is: [Níu þúsund sérfræðinga þarf til vaxtar í hugverkaiðnaði](#), 6. maí 2022.

<sup>13</sup> Stjornarráðid.is: [Færniþörf á vinnumarkaði: hvernig má spá fyrir um færniþörf á íslenskum vinnumarkaði, tillögur sérfræðingahóps](#), Anton Örn Karlsson, Karl Sigurðsson, Ólafur Garðar Halldórsson & Róbert Farestveit (2018).

<sup>14</sup> Stjornarráðid.is: [Ísland og fjórða iðnbyltingin](#), Huginn Freyr Þorsteinsson, Guðmundur Jónsson, Ragnheiður H. Magnúsdóttir & Lilja Dögg Jónsdóttir (2019).

<sup>15</sup> Mögulegt væri að hanna spálíkanið þannig að það tæki tillit til þess hvernig framboð á störfum breytist milli útgefina niðurstaðna spálíkansins og þar með væri hægt að gefa sér frekari forsendur um fjölda atvinnuleyfa til handa borgurum utan EES.

nauðsynlegt fyrir atvinnurekendur að auglýsa störf sérstaklega innan EES. Nóg væri að umsækjandi um atvinnuleyfi hafi fengið tilboð um starf á starfalista og geti framvísað ráðningarsamningi, en ekki yrði gerð krafa um að hvert einstakt starf yrði auglýst á EES-svæðinu áður en til ráðningar kæmi. Má í þessu sambandi vísa til framkvæmdar Dana við veitingu sambærilegra leyfa. Þá er mikilvægt að hafa í huga að áfram verður nauðsynlegt að rýna vandlega umsóknargögn og tryggja að eftirlit sé með þeim hætti að standi umsækjendur og atvinnurekendur ekki við gefnar forsendur muni það leiða til breytinga á og eftir atvikum til afturköllunar dvalarleyfis.

### 3.2.2 Eftirlit með félagslegum undirboðum verði eftl

Grunnforsenda þess að hér þrífist réttlátur, sanngjarn og heilbrigður vinnumarkaður er að staðið sé við kjara- og ráðningarsamninga hvað varðar laun, aðbúnað og önnur starfskjör. Einn þáttur í því er að tryggja erlendu starfsfólki fræðslu um réttindi sín og skyldur, þ.m.t. hvert það geti leitað ef það telur á sig hallað.

Annar þáttur í því er öflugt og skilvirkt eftirlit með félagslegum undirboðum og misnotkun. Um eftirlit á vinnustöðum er fjallað í lögum nr. 42/2010, en tilgangur þeirra er að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði og tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn fari að lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Á grundvelli laganna er eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Heimilt er að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið þegar slíkt þykir nauðsynlegt. Í samtölum starfshópsins við hagaðila kom skýrt fram að eftirlit með félagslegum undirboðum sé ekki nógu virkt og að það þurfi að efla til muna. Var þar m.a. nefnt að eftir að starfsmaður hefur hlotið tilskilin dvalar- og atvinnuleyfi og byrjað að vinna sé lítil vitneskja fyrir hendi um hvort staðið sé við samninga, t.d. hvort viðkomandi séu í raun borguð þau laun eða tryggður sá aðbúnaður og kjör sem samningar kveða á um.

Að mati starfshópsins er brýnt að eftirlit ríkisins með félagslegum undirboðum verði eftl. Tryggja þarf að viðeigandi stjórnvöld hafi fullnægjandi upplýsingar og skýrar vald- og þvingunarheimildir til að geta beitt sér, t.d. er varðar heimildir til að fjarlægja einstakling úr slæmu ráðningarsambandi. Þá mætti huga að því hvort unnt væri að tengja launaupplýsingar í ráðningarsamningum við kerfi Skattsins þannig að fylgja mætti eftir málum í tiltekinn tíma ef misræmi yrði milli staðgreiðslu og uppgefningu launa í ráðningarsamningi.

### 3.2.3 Hluti dvalarleyfa til atvinnuþátttöku nýttur með vinnuskiptasamningum við önnur ríki

Ákjósanlegt væri að Ísland gerði fleiri samninga við erlend ríki um vinnuskipti eða ungmennasamninga. Ísland hefur gert fáa slíka samninga í samanburði við nálæg ríki og slíkir samningar geta veitt aðgang að vinnuafla, sér í lagi sérfræðingum, til skemmri tíma. Samkvæmt lögum um útlendinga er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja á aldursbilinu 18-31 árs dvalarleyfi í þeim tilgangi að kynna sér landið og menningu þess. Slík dvalarleyfi skal að jafnaði að hámarki veita til eins árs. Á grundvelli laganna eru í gildi samningar við Bretland og Japan um vinnudvöl fyrir ungt fólk. Samningur við Kanada mun vera á lokametrunum og þá er í skoðun



að gera slíka samninga við Ástralíu, Nýja-Sjáland, Argentínu, Chile o.fl. ríki. Huga mætti að því að breikka aldersbil þessara samninga og auk þess að gera sérstaka vinnuskiptasamninga án aldurstakmarkana.

### 3.2.4 Hvatar til að skrá sig úr landi

Grundvallarþáttur í því að greina vinnuaflspörf er að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar um íbúafjölda í landinu á hverjum tíma. Á síðasta ári voru sem dæmi fleiri skráðir í Þjóðskrá en teljast til mannfjölda samkvæmt manntali en mestu munar um þá sem flytja af landi brott án þess að tilkynna búferlaflutninga. Ein leið til þess að ráða bót á slíku væri að koma á fjárhagslegum hvötum, t.d. að uppsöfnuð lífeyrisréttindi yrðu gerð upp við flutning úr landi.

## 3.3 Stjórnsýsla verði einfölduð með sameiningu dvalar- og atvinnuleyfa

Dvalarleyfi, sem eru gefin út af Útlendingastofnun, og atvinnuleyfi, sem eru gefin út af Vinnumálastofnun, verði sameinuð í dvalarleyfi sem skipt verði í ólíka flokka og gefin út af Útlendingastofnun.<sup>16</sup> Það kerfi sem nú er við lýði stendur á gömlum merg en hefur illa staðist tímans tönn. Hvort leyfið um sig er forsenda hins. Kerfið á sér ekki hliðstæðu í nágrennalöndum. Það væri til mikillar einföldunar að sameina þessa ferla í einn.<sup>17</sup> Þessi breyting krefst lagabreytingar, þannig myndu lög nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, falla brott en þess í stað yrðu lagaákvæði um atvinnuréttindi hluti útlendingalaga nr. 80/2016.

Með þessari breytingu myndi Vinnumálastofnun hætta að gefa út atvinnuleyfi. Ráðgjafarhlutverk stofnunarinnar yrði hins vegar aukið, sér í lagi við að meta vinnuaflspörf til skemmri tíma, sbr. nánari umfjöllun í tillögu b. Þá þarf að tryggja aðilum vinnumarkaðarins aðkomu að gerð vinnuaflsspár.

Við veitingu á dvalarleyfum verði ekki leitað umsagnar stéttarféлага. Stjórnvöld eiga ekki að útvista því verkefni að meta vinnuaflspörf. Aftur á móti þarf að hafa í huga að umsagnarskyldan hefur nýst stéttarfélögum við eftirlit, til að láta leiðrétta ráðningarsamninga og upplýsa starfsfólk um réttindi sín og þjónustu stéttarféлага, auk þess sem umsagnarrétturinn gefur stéttarfélagunum tækifæri til að miðla til Vinnumálastofnunar upplýsingum um háttsemi fyrirtækja.

Af framansögðu er ljóst að mikilvægt er að búa svo um hnúta að stéttarfélög hafi áfram upplýsingar sem geta nýst til eftirlits þeirra með félagslegum undirboðum. Þannig þarf að tryggja að stéttarfélög fái upplýsingar um nöfn þeirra sem hingað koma til að starfa frá ríkjum utan EES sem og nöfn atvinnurekenda þeirra og

---

<sup>16</sup> Þessi tillaga er í samræmi við [skýrslu nefndar um málefni útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins](#), innanríkisráðuneytið, 2012. Dvalarleyfisflokkar gætu t.d. verið vegna atvinnuþáttöku, íþróttafólks, árstíðabundinna verkefna, vistráðinna, sjálfboðaliða, menntunar, fjölskyldusameiningar og mannúðaraðstæðna.

<sup>17</sup> Á ensku er talað um slíkt fyrirkomulag sem „one-stop shop“.

starfsstöðvar. Tilkynningarskylda um slíkt ætti að vera til viðeigandi stjórnvalds sem miðlar svo upplýsingum til hlutaðeigandi stéttarfélags.

### 3.4 Umsóknarferli um dvalarleyfi verði einfaldað og bætt með stafvæðingu

Núverandi kerfi stofnananna tveggja eru börn síns tíma, veita litla yfirsýn með takmarkaða möguleika til tölfræðilegrar úrvinnslu, auk mikillar handavinnu og villuhættu. Jafnframt er mikilvægt að kerfið verði gert notendavænna, t.d. með upplýsingum til umsækjenda um stöðu umsóknar. Þá þarf að huga að samspili kerfisins við kerfi lögreglu, Þjóðskrár og Hagstofu.

Stafræn umbreyting:

- Hraða stafrænni vegferð
- Efla yfirsýn með betri nýtingu gagna
- Innleiða pappírslaut ferli
- Endurgera umsóknarferil endurnýjana
- Senda gögn á milli stofnana en ekki fólk

Til þess að tryggja skilvirkni og traust á nýju kerfi er nauðsynlegt að stafvæða ferlið. Með því sparast umtalsverðir fjármunir, auk þess sem afgreiðslutíminn styttest. Í skýrslu sinni fyrir starfshópin metur KPMG það svo að mikill ávinningur sé af stafrænni umbreytingu umsóknarferils. Þannig sé varlega áætlað að árlegur ávinningur stafvæðingar umsókna um dvalarleyfi sé 85 milljónir króna og að sjö stöðugildi sparist sem hægt sé að nýta í virðismeiri verkefni. Þá sé hægt að skerpa á afgreiðsluhraða með tiltölulega einföldum breytingum sem ekki krefjast lagabreytinga, auk þess að bæta gæði umsókna með betri leiðbeiningum. Um tíu þúsund umsóknir um dvalarleyfi bárust Útlendingastofnun á árinu 2022, um 30% umsókna voru ófullnægjandi og málsmeðferðartími var að meðaltali 107 dagar. Að mati KPMG væri einnig æskilegt að fela einni stofnun útgáfu bæði dvalar- og atvinnuleyfa, enda myndi slíkt einfalda allt stjórnsýsluferlið.

